

Spilakvöld

Rangæingafélagið og Skaftfellingafélagið halda áfram sameiginlegum spilakvöldum í vetur eins og undanfarin ár. Spiluð verður framsóknarvist í Skaftfellingabúð eftirtalin miðvikudagskvöld kl. 20:00.

Fyrir áramót:
27. okt. – 10. nóv. – 24. nóv. 2004.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.
Verð kr. 700.

Myndakvöld

Föstudaginn 5. nóvember verður fyrsta myndakvöld vetrarins í Skaftfellingabúð og hefst kl. 20:30.

Þar mun Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fjalla um Kötlu í máli og myndum, um ástand og horfur.

Aðgangur ókeypis.

Seldar verða léttar veitingar.

Stjórn félagsins 2004 – 2005

Aðalstjórn	sími	GSM
Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415
Ármann Ó Sigurðsson	553 6156	
Guðrún Arnarsdóttir	587 4671	897 6382
Halla Bjarnadóttir	557 6238	862 0044
Fanney Magnúsdóttir		820 2895
Ragnheiður L. Sigjónsdóttir	588 2430	896 7617
Sigurlaug J. Sigurðardóttir	588 7273	891 7354

Varastjórn	sími	GSM
Guðrún B. Jónsdóttir	587 3315	659 3315
Jón Rafnsson	551 2566	863 3177
Páll Pétursson	515 4515	
Rafn Stefánsson	568 3623	

**MUNIÐ AUGLÝSINGAR
Í DAGBÓKUM DAGBLADANNA**

Vorferð 5. júní 2004

Vorferðin á Snæfellsnes tókst með ágætum. Tuttugu manns fóru í ferðina og var ánægjulegt að sjá ný andlit í hópnum.

Í fyrstu var haldið á Safnasvæðið á Akranesi sem var mjög fróðlegt og áhugavert.

Þá var ekið að Búðum þar sem snæddur var léttur málsverður og gengið til kirkju. Eftir það lá leiðin að Arnarstapa þar sem farið var niður að höfn og horft til sjávar.

Í Hólahólum var reynt að leita skjóls til að borða nesti, en þrátt fyrir nokkra leit að skjólgóðum bletti, rauk kaffið úr bollum.

Þá var stefnan tekin á norðanvert Nesið í harðfisk og hákarl að Bjarnarhöfn og sýndi Hildibrandur m.a. ævafora altaristöflu í kirkju staðarins.

Að endingu var keyrt að kirkjunni í Stykkishólmi, stoppað þar stutt í hávaðaroki og eftir það haldið heimleiðis.

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Ingu Jónu Sigfúsdóttur s. 863 2087 og Skúla Oddssonar s. 864 3415.

Netfangasöfnun!

Félagsmenn eru áfram hvattir til að senda netföng sín til stjórnar félagsins á netfangið:
skaftfellingar@simnet.is



Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

3. tbl. október 2004

Endursendist með upplýsingum um
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

• **Fylaveisla**
23. október 2004

• **Myndakvöld**
kl. 20:30
5. nóvember 2004

• **Spilakvöld**
kl. 20:00
27. október 2004
10. nóvember 2004
24. nóvember 2004

• **Söngfélagið**
Söngæfingar öll
mánudagskvöld kl. 20
Aðventustund 12. des.

• **Þorablót**
22. janúar 2005

• **Sumarskálm 2004**
Halla Bjarnadóttir

• **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Fýlaveisla

Okkar ómissandi fýlaveisla verður haldin í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag **laugardaginn 23. október 2004** og hefst með borðhaldi kl. 20:00. Húsið opið frá kl. 19:00.

Mýrdælingar hafa frá fornu fari rotað fýlsunga sér til matar og saltað í kút til vetrarins. Skaftfellingafélagið hefur staðið fyrir fýlaveislum í um það bil tuttugu ár og hefur aðsókn aukist ár frá ári.

Eins og tíðkast hefur til fjölda ára er fyllinn verkaður í Presthúsum og rófurnar koma frá Þórisholti. Að auki verður boðið upp á hangikjöt og annað meðlæti.

Um matseldina sér Inga Jóna Sigfúsdóttir.

Hljómsveitin Vírus leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu. Miðaverð kr. 3.800. Miðaverð eftir mat kr. 1.000.

Skráning í síðasta lagi 21. október hjá:

Höllu Bjarnadóttur (862 0044)
Hákoni J. Kristmundssyni (821 2115)
Sigurlaugu J. Sigurðardóttur (891 7354)

Heiðmörk – Skaftafell

Miðvikudaginn 2. júní var grisjað og hreinsað heilmikið til í trjáreit Skaftfellingafélagsins í Heiðmörk. Í haust var farið aftur til að flytja trjágreinarnar úr reitnum út að vegi. Eitthvað er þarna enn óunnið og er stefnt að því að ljúka því þann 16. október nk. kl. 11.

Í nokkur ár hefur staðið til að leggja þar göngustíga og útbúa nestisaðstöðu.

Reiturinn, sem er einn hektari, heitir Skaftafell og er merktur með skilti u.þ.b. 1,5 km frá Þjóðvegi 1 þar sem beygt er af honum rétt austan Hólmsárbrúar.

Söngfélag Skaftfellinga

Söngfélagið hefur nú hafið 32. starfsár sitt og eru söngæfingar í Skaftfellingabúð á mánudögum kl. 20.

Nýir söngfélagar eru velkomnir.

Söngfélagið verður að venju með aðventustund í Skaftfellingabúð sunnudaginn 12. desember, kl. 16:00. Kaffiveitingar, upplestur og fleira. Nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Formaður Söngfélagsins er Kolbrún Einarsdóttir, s. 824 5521

Þorablót

Laugardaginn 22. janúar 2005 er fyrirhugað að halda þorablót Skaftfellingafélagsins. Nánar auglýst í næsta fréttabréfi.

Skálm

Skálmað verður áfram á...
laugardagsmorgnum kl. 11 (2 klst.)
og á **miðvikudögum kl. 19:30 (1 klst.)**.
Á haustdögum er tekið til við súkkulaðipamb af og til eftir Skálmargöngur. Auk þess verður sest að borðum valins veitingahúss þann 27. nóvember og slegið á léttu strengi fram eftir kvöldi. Skorað er á káta og hressa Skaftfellinga að skunda með í vetur. Nánari upplýsingar í sínum 891 7354/862 0044

Næstu göngur verða sem hér segir:

- 13.10: Hafnarfjörður – Suðurbæjarlaug**
- 16.10: Heiðmörk – Skaftafell (félagsreitur)**
- 20.10: Kópavogslaug**
- 23.10: Skaftfellingabúð**
- 27.10: Laugardalur – sundlaug**
- 30.10: Seltjarnarnes – Grötta**
- 3.11: Mosfellsbær – ípróttahús/laug**
- 6.11: Grafarholt v/Nóatún**
- 10.11: Nauthöll**
- 13.11: Heiðmörk – Furulundur**
- 17.11: Víkingsheimili**
- 20.11: Hvaleyrarvatn**
- 24.11: Breiðholt – Breiðholtskirkja**
- 27.11: Miðbær – Hallgrímskirkja kl. 17**
- 1.12: Nauthöll**
- 4.12: Elliðaárdalur – gamla rafstöð**
- 8.12: Laugardalur – sundlaug**
- 11.12: Mosfellsbær - v/Þverholt**
- 15.12: Miðbær Rvk. – Miðbakk**
- 18.12: Heiðmörk – Furulundur**
- 22.12: Hafnarfjörður – sundhöll v/Herjólfsg.**

Jólaskálm eftir þörfum.

- 5.1: Hafnarfjörður – Kaplakriki**
- 8.1: Garðabær – sundlaug**
- 12.1: Ægisíða – Vesturbæjarlaug**
- 15.1: Grafarvogur – sundlaug**
- 19.1: Kópavogur – Fifan ípróttahús**
- 22.1: Arnarnes – sundlaug Garðabæjar**
- 26.1: Árbæjarlaug**
- 29.1: Grafarvogur – Egilshöll**
- 2.2: Hafnarfjörður – v/kirkjugarð**
- 5.2: Mosfellsbær – Álafoss**

Skálmum saman !

Sumarskálm 25. – 28. júlí 2004

Það er orðinn árviss viðburður að Skálmara skundi af stað í bakpokaferð að sumri. Þátttakendur nú voru tíu, sumir í sínu fyrsta Skálmi, aðrir í fyrsta sumarskálmi og enn aðrir voru þaulreyndir bakpokagöngumenn. Það átti svo sannarlega eftir að koma á daginn að þetta var hin besta blanda.



Ljóm. Broddi Hilmarsson

Þann 25. júlí var lagt upp frá Hólaskjöldi, í hefðbundinni skaftfellskrí bliðu, fagra leið upp með Syðri-Ófæru og í Álftavötn. Reyndar var ákveðið að bragða á nestinu áður en lagt var upp – svona til að léttu bakpokana! Þetta var frekar stutt dagleið, sem var frábær byrjun, pokarnir stilltir, vaðskórnir vígðir og hópurinn stillti saman strengina.

Í Álftavötnum hittum við annan ágætan skaftfellskan hóp, Jón Þorbergsson frá Hraunbæ í Álftaveri ásamt börnum og vinum, en þau voru í hestaferð. Við höfðum gangnamannakofann í Álftavötnum hins vegar út af fyrir okkur, þurftum reyndar að deila honum með svona 100.000 kóngulóm!

Að morgni mánudagsins 26. júlí var lagt af stað í þungbúnu veðri. Settar voru upp húfur og regngallarnir mætaðir, en sólin skein brátt á okkur og hlífðarfatnaði var pakkað hið snarasta niður aftur. Stefnan var tekin norður fyrir Svartahnjúksfjöll, í Hólmarsárbotna, Strútslaug og í skála Útivistar við Skófluklif.

Þetta var góður göngudagur, þar sem í fyrstu er gengið mjög fagra leið meðfram Syðri-Ófæru. Sumir notuðu vaðskóna meira en aðrir, líklega voru þeir að „safna“ ám! Á móts við Strútslaug var nestisstopp, skyndilega tóku „hin skaftfellsku vatnagen“ völdin og hópur kvenna stormaði út í og yfir Hólmsá. Allir voru glaðir þegar komið var í Strút, eftir langa göngu og góðan dag. Þar hittum við Hákon Útivistarmann, smala-dreng í Mörtungu til margra ára. Hann tók vel á móti okkur nú sem endranær.

Á þriðja degi var löng ganga framundan, eða alla leið í Botna, skála F.Í. á Emstrum. Var töluvert rok og gengum við í sandmekki frá Hrutagili þar til komið var að Kaldaklofskvísl. Þar þurfti að ráðast í fataviðgerðir, að sjálfsögðu voru bæði nál og tvinni meðferðis. Þá lægði heldur og við röltum sandinn í ágætis veðri og frábæru útsýni.



Ljóm. Gyða Siggeirsdóttir

Í Botnum fóru flestir í sturtu – frekar lítið vatn en sennilega besta bað ævinnar!

Síðasta daginn var gengið í Þórsmörk í frábæru veðri. Danskir skátar undruðust aðfarir okkar í Þröngá og höfðu sennilega aldrei fyrr séð sextuga konu vaða svo skörulega yfir á! Skömmu eftir komuna í Þórsmörk byrjaði að rigna, við grilluðum gómsætt lambakjöt og gæddum okkur á örilitu fjallakakói. Skálmara voru mjög ánægðir með ferðina, þrátt fyrir nokkrar aumar tær og hæla!

Halla Bjarnadóttir